

Reykjavík 25. ágúst 2020

Póstur til skólastjórnenda

Skólastarf er þegar hafið eða er að hefjast á öllum skólastigum á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana og hefur önnur bylgjan af Covid-19 þegar valdið talsverðum usla í skólasamfélaginu. Nemendur og starfsfólk skólanna eru að koma víðsvegar að eftir sumarfrí og því viðbúið að einhver smit komi upp á næstu 2 vikum.

Að höfðu samráði við fræðslustjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið gripið til eftirfarandi ráðstafana í leik- og grunnskólahúsnæði til að standa vörð um það mikilvæga starf sem þar fer fram. Gildistími þessara ráðstafana er til og með sunnudeginum 6. september:

- Aðgengi utanaðkomandi aðila sem ekki tengjast skólasamfélaginu sé sem minnst.
- Utanaðkomandi aðilar virði alltaf 2ja metra regluna auk persónubundna sóttvarna.
- Starfsemi sem ekki tengist skólanum sé ekki leyfð fram að 6. september t.d. óformlegt íþróttastarf fullorðinna sem ekki tilheyrir ÍSÍ og kórastarf fullorðinna.
- Skólastjórnendur fari að huga að blöndun innan skólans (þ.e. að takmarka blöndun starfsfólks eins og kostur er).

Við viljum ítreka að samfélagssáttmálinn sé virtur og hugað sé vel að þrifum sérstaklega á snertiflötum. Og minnum á eftirfarandi leiðbeiningar um [þrif í skólum](#).

Staðan verður endurmetin í samráði við fræðslustjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir sunnudaginn 6. september n.k.

Með kveðju,

Jón Viðar Matthíasson,
framkvæmdastjóri almannavarnanefndar
höfuðborgarsvæðisins